

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1944.

*Lög um nýbyggingarráð*, undirskrifuð af forsetanum 27. nóvember 1944, nr. 62.

*Lög um breyting á ljósmæðralögum nr. 17 19. júní 1933*, undirskrifuð af forsetanum 1. desember 1944, nr. 63.

*Lög um heilsuverndarstöðvar*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 64.

*Lög um breyting á lögum nr. 99 16. des. 1943, um ábyrgð rikissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi*, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 65.

### Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu, um flutning þingstaðar í Þorkelshólshreppi. 106 16. sept.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 9. þ. m., og ósk hreppsnefndar Þorkelshólshrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður hreppsins verði fluttur frá Þorkelshóli að Viðihlíð í landi jarðarinnar Auðunnarstaðir, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar.

### Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, um skiptingu Presthólahrepps í tvö hreppsfélög. 107 18. sept.

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Presthólahrepps og meðmælum sýslunefndar Norður-Þingeyjarsýslu, um skiptingu Presthólahrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Presthólahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu skal skipt í tvö sveitarfélög er nefnast Presthólahreppur og Raufarhafnarhreppur.

Raufarhafnarhreppur nær yfir þorpið Raufarhöfn og skulu takmörkin vera landamerki jarðarinnar Raufarhöfn.

2. Eignum og skuldum Presthólahrepps skal skipt þannig að 50% falli til hvors hinna nýju hreppa. Sama gildir og um ábyrgðir, er hvila á Presthólahreppi.
3. Framfærsla allra núverandi styrkþega sé sameiginleg og einnig þeirra, sem kunna að verða úrskurðaðir á hinn forna Presthólahrepp. Hreppsnefnd hvors hrepps annist um ráðstöfun og greiðslu vegna sameiginlegra styrkþega, sem heima eiga innan hvors hrepps fyrir sig. Af heildarkostnaði við sameiginlega styrkþega greiði hvor hreppur eftir sama hlutfalli og við skiptingu eigna og skulda. Um hver áramót skulu hreppsnefndir beggja hreppanna leggja fram reikninga yfir kostnað vegna sameiginlegra styrkþega.

Sá hreppanna, sem ekki hefur greitt til sameiginlegra styrkþega hlutfallslega upphæð sína af sameiginlegum framfærslukostnaði skal þá greiða hinum hreppnum það, sem til vantar í hlutfallslega þátttöku í sameiginlegum fram-